

Fundargerð Skólanefnd.

2. fundur

Fundur í skólanefnd 22.01.2007 kl. 17:00 í Grunnskólanum í Reykjahlíð. Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Eyþór Pétursson, Ásdís Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Sólveig Jónsdóttir og Auður Jónsdóttir.

1. Sólveig kynnti okkur fyrir nýja kennaranum, Ósk og talaði um að almenn ánægja væri með hana.
2. Breyting á dagatali. Það var starfsdagur 3. janúar og foreldraviðtöl voru eftir skólatíma þannig að hægt er að færa fram skólann um 2 daga í vor. Foreldraviðtöl voru áætluð í einn dag sem varð venjulegur skóladagur og starfsdagurinn hefði átt að vera á skólatíma og gefa börnunum frí þann dag. Almenn ánægja með að geta stýtt skólann.

Skólaferðalag 9. & 10. bekkjar fyrirhugað 1.-8. júní til Austursíkis.

Það ánægjulega er að flogið verður frá Egilsstöðum. Planið að vera heilan dag í Köben.

Auður og Sólveig sögðu okkur aðeins frá fyrirkomulaginu út af samstarfinu og sögðu einnig að krakkarnir hefðu verið til fyrirmyndar fyrir 2 árum.

Grunnskólinn er alltaf að fá tilboð um ný samstörf og spurning hvað verð um framhald af núverandi samstarfi.

Önnur mál:

Rætt var um að athuga hvort að ekki væri hægt að halda dansnámskeið ár hvert en ekki annað hvert ár eins og hefur verið. Skólanefnd óskar eftir að fá danskenslu í mars og að

Skútustaðahreppur greiði þann kostnað. Upphæð kr. 200.000,- Jákvætt fyrir krakkana.

Rætt var einnig um ýmisleg félagsstörf og hvort að ekki væri hægt að virkja foreldra betur í keyrslu.

Steinunn Ósk lagði til að skólanefnd fundi einu sinni í mánuði sem að var samþykkt.

Sólveig sagði frá tilboði frá ljósmyndara (Dagsljósi á Akureyri) sem að kæmi í lok janúar og tæki myndir á mjög góðu verði. Mjög ánægjulegt og góðar minningar fyrir nemendur og kennara.

Sólveig óskaði eftir því við sveitarstjórn að halda sig við 1 heiti á skólanum.

Reykjahliðaskóli en ekki grunnskóli Skútustaðahrepps og verður unnið að því.

Rætt um að vefsíða skólans fái að vera inn á linki sveitastjórnar Skútustaðahrepps sem að vonandi verður samþykkt

Einnig var talað um að 9. bekkur vilji fá að taka samræmd próf. Foreldrar virðast ekki sammála. Lagt til að fá foreldra þessa barna og ræða málin. Fundur þar sem að rætt yrði um skólaferðina og samræmduprófin.

Valmar kom og spjallaði um tónlistaskólann og sagði að væri tónlistarkennari frá Akureyri í 3 mánuði við kennslu (í stað Tarvo sem að er í barnseignafríi fram í mars).

Einnig talaði hann um að vantaði nýja ljósritunarvél. Bent á að tala vísa því til sveitastjóra.

26 nemendur stunda nám í tónlistarskólanum.

16 og ½ tímar á viku (½ tími í einu væri fínt – 45 mínútur fyrir nemendur sem að hafa mikinn áhuga) þannig að full nýting væri á tónlistarnáminu.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 19:00

Hrafnhildur Geirsdóttir
Steinunn Ósk Stefánsdóttir
Eyþór Pétursson
Ásdís Jóhannesdóttir
Sólveig Jónsdóttir
Þórhalla Valgeirsdóttir
Auður Jónsdóttir